

## YFIRLÝSING

Með kaupsamningi dags. 06.11.2009, keypti RARIK ohf., kt. 520269-2669, (RARIK) allt rafveitukerfi Orkuveitu Húsavíkur ehf., kt. 641195-2359, (OH) þ.m.t. allar spennistöðvar orkuveitunnar. Meðal spennistöðva sem RARIK keypti er stöðin að Hrísmóum 1, Húsavík. OH er eigandi húsnæðisins.

OH veitir RARIK eða þeim sem síðar kann að yfirtaka dreifingu raforku á Húsavík, fulla og ótakmarkaða heimild til að starfrækja ótímabundið spennistöð í ofangreindu húsnæði. Heimildin er veitt án leigugjalds á meðan spennistöðin þjónar að mestu eða öllu leyti Orkustöðinni, OH, sem notanda.

Samkvæmt meðfylgjandi teikningu er sérinngangur á suðurhlið húsnæðisins að spennistöðinni. Á sömu hlið hússins er aðalinngangur að orkustöð með stóru anddyri og þaðan er inngangur inn í háspennurými þar sem háspennurofar spennistöðvar eru.

Með yfirlýsingu þessari er fallist á að báðir aðilar, RARIK og OH hafi óhindrað aðgengi að sameiginlegu rofarými og spennisrými.

Starfsmenn fyrirtækjanna skulu koma á verklagi sem tryggir auðvelt aðgengi þeirra að ofangreindum rýmum í húsnæðinu þar sem báðir aðilar hafi jöfn lykлавöld.


RARIK kostar og sinnir öllu viðhaldi innviða og útihurðar spennistöðvar sinnar en annað viðhald húsnæðis og lóðar annast og kostar OH. RARIK annast á sinn kostnað ræstingu spennistöðvar og háspennu-rýmis. Allar sérþarfir sínar vegna starfrækslu spennistöðvar og háspennurofa kostar RARIK. Raforkunotkun í spennistöð og háspennurými greiðir RARIK eftir mælingu eða föstu árgjaldi, sem aðilar koma sér saman um.

Yfirlýsing þessi er undirrituð af samkomulagsaðilum á þremur samhljóða eintökum með vottum, þar af einu á löggiltan skjalapappír til þinglýsingar.


23. febrúar 2010

F. h. Orkuveitu Húsavíkur ehf.

F.h. RARIK ohf.



Guðrún Erla Jónsdóttir



Tryggvi Þór Haraldsson



ORKUVEITA  
HÚSAVÍKUR

Vottar að rétttri undirritun

og dagsetningu:

